


JÖKLARANNSÓKNAFÉLAG ÍSLANDS

Nr. 81

janúar 2001

Fréttabréf



AFMÆLISFUNDUR UM ÍSSJÁRMÆLINGAR

verður haldinn í Norræna húsinu
þann 17. janúar árið 2001 kl. 20:00

Helgi Björnsson flytur erindi um
Ísland undir jökli - íssjármælingar í aldarfjórðung

AFMÆLISFUNDUR UM ÍSSJÁRMÆLINGAR

Ísland undir jökli - íssjármælingar í aldarfjórðung

Með smíði íssjár við Raunvísindastofnun Háskólans urðu þáttaskil í könnun á þykkt jökla hér á landi. Nú aldarfjórðungi síðar er landslag vel þekkt undir öllum meginjöklum landsins (Vatnajökli, Langjökli, Hofsjökli og Mýrdalsjökli) svo að lýsa má þar fjöllum og dölum, allt frá 300 m undir sjávarmáli að 1800 m hæð, legu og lögun eldstöðva og vatnslóna og rennislísiðum jökulhlaupa. Mat hefur fengist á ísforða og afrennsli til einstakra vatnsfalla. Ný þekking hefur fengist um stóran hluta Íslands, jöklafræði, landmótun, eldfjallafræði og vatnafræði, og hún nýst við virkjun fallvatna, vegagerð og almannavarnir.

Helgi Björnsson

ALDAMÓTAFERÐ Á GRÍMSFJALL

Í tilefni aldamótanna fóru nokkrir áhugasamir félagar á Grímsfjall til að kasta kveðju á helgan stað. Mjög snjólétt var inn í Jökulheima og gott færi alla leið á Grímsfjall. Ævintýralegt var að vera þarna uppi í heiðskíru skammdegishúminu við aldamót.

Vilhjálmur Kjartansson